



Fundargerð

1404. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
2. febrúar 2023, kl. 08:15

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bærjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Almenningsamgöngur – pöntunarþjónusta (2022050529)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Gunnar E. Geirsson deildarstjóri umhverfismála og Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærni- og atvinnuráðgjafi mættu á fundinn. Farið yfir stöðu tilraunaverkefnisins um pöntunarþjónustu í almenningsþjónustu. Lagt fram minnisblað um stöðu verkefnisins.

Bæjarráð samþykkir að halda verkefninu áfram.

2. Úttekt á umhverfis- og framkvæmdasviði (2023010375)

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bærjarstjóra að gera drög að aðgerðaáætlun út frá tillögum sem Róbert Ragnarsson KPMG lagði fram á fundi bæjarráðs 19. janúar sl.

3. Erindi til bæjarráðs frá Kvennakór Suðurnesja (2023010685)

Lögð fram beiðni um neyðarstyrk að vegna Covid-19. Einnig er óskað eftir aðstoð sveitarfélagsins að finna aðstöðu fyrir kórinn.

Bæjarráð vísar beiðni um neyðarstyrk til menningar- og atvinnuráðs. Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bærjarstjóra að vinna áfram í málinu varðandi beiðni um aðstöðu fyrir kórinn.

4. Húsnæði Myllubakkaskóla (2021050174)

Lögð fram til kynningar fundargerð verkefnastjórnar Myllubakkaskóla.

5. Rakaskemmdir í stofnunum (2022100267)

Lögð fram til kynningar fundargerð bygginganefndar.

6. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 31. mars 2023 (2023010629)

Boðun á 38. landsþing sambandsins.

7. Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 5. janúar og 12. janúar 2023 (2023010630)

Lagðar fram til kynningar fundargerðir svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja.

8. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 26. janúar 2023 (2023010659)

Lögð fram til kynningar fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40